



**Áhrif ferðapjónustu  
á íbúapróun á Vesturlandi 2010-2015**

**Guðveig Eyglóardóttir**

**Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði  
Háskólinn á Hólum  
2016**





# Áhrif ferðapjónustu á íbúapróun á Vesturlandi 2010-2015

Guðveig Eyglóardóttir

Kt:010376-4919

12 ECTS Lokaritgerð sem hluti af  
*Baccalaureum Artium* gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi

Bergþóra Aradóttir

Ferðamáladeild  
Háskólinn á Hólum  
Hólar, maí 2016

Áhrif ferðaðjónustu á íbúapróun á Vesturlandi 2010-2015

Tourism effect on population growth in West Iceland 2010 – 2015

12 ECTS lokaritgerð sem hluti af *Baccalaureum Artium* gráðu í ferðamálafræði

Copyright © 2016 Guðveig Eyglóardóttir

Öll réttindi áskilin

Ferðamáladeild

Háskólinn á Hólum

Hólar í Hjaltadal

551 Sauðárkrókur

Ísland

Sími: 455-6300

Skráningarupplýsingar:

Guðveig Eyglóardóttir, 2016, *Áhrif ferðaðjónustu á íbúapróun á Vesturlandi 2010-2015*,

BA ritgerð, Ferðamáladeild, Háskólinn á Hólum, bls. 41.

Hólar í Hjaltadal, Ísland, maí 2016



# Abstract

The main purpose of this research is to look into the effect of tourism in the development of the population growth and regional development on West Iceland. The research project takes into consideration the effect of tourism in the period from 2010 – 2015. The research project has two goals; to analyze if increased tourism has had an effect on the development of the size of the population in West Iceland in the specified period; and how the local authorities contribute to the sociological factors which relate to growth and expectations. The research is based on the statistical information available from Statistics Iceland, the Icelandic Tourist Board, and the West Iceland's Marketing office. In order to explore the subjects, a focus group was set up, comprising three individuals from West Iceland with insight and knowledge of local regional development and the administration of the region. The result from the focus group was compared with the knowledge – and theoretical base on regional development. The following conclusions arose:

- There has been extensive growth and development in tourism in the region in the research period.
- The population in West Iceland has grown by 1% in the period; the biggest growth being in Akranes and Hvalfjarðarsveit, where there is least tourism.
- The number of inhabitants in Borgarbyggð, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær and Dalabyggð has decreased in the period. Where there is most tourism.
- Extensive growth in the sector has not resulted in more inhabitants and jobs for new inhabitants.
- If not for the tourism growth. It is concluded that number of inhabitants would have decreased more in the period in specific areas on West Iceland.
- Specialized source of income is necessary in order to fulfill expectations as concerns development of infrastructure for tourism, in order not to surpass the tolerance of the inhabitants and nature.
- **Keywords:** Population development, regional development, expectations, authorities, tourism development.

# Útdráttur

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna áhrif ferðaþjónustunnar á íbúa- og byggðarþróun á Vesturlandi. Rannsóknin tekur mið af áhrifum ferðaþjónustu á tímabilinu 2010 – 2015. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt; að greina hvort vöxtur í ferðaþjónustu hafi haft áhrif á íbúaþróun á Vesturlandi á tímabilinu. Og á hvaða grunni aðkoma sveitarfélagsins er að þeim samfélagslegu þáttum sem tengjast uppbyggingu og væntingum. Rannsóknin tekur mið af þeim tölulegu upplýsingum sem liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu og Markaðsstofu Vesturlands. Til að taka afstöðu til ofangreindra mála var rýnihópur skipaður sem samanstóð af þrem einstaklingum af Vesturlandi með innsýn og þekkingu í byggðamál og stjórnsýslu svæðisins. Niðurstöður þessar voru bornar saman við þekkingar – og kenningargrunn um byggðarþróun. Eftirfarandi kemur fram í niðurstöðum.

- Mikill vöxtur og uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu á svæðinu á tímabilinu.
- Íbúum á Vesturlandi hefur fjölgað um 1% á tímabilinu, mest á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit þar sem ferðaþjónusta er minnst.
- Íbúum fækkaði í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Dalabyggð á tímabilinu. En þar hefur vöxtur í ferðaþjónustu verið mestur í landshlutanum.
- Mikill vöxtur í greininni hefur ekki skilað sér í auknum íbúafjölda og störfum fyrir nýja íbúa.
- Sú ályktun er dregin að íbúum hefði fækkað meira á ákveðnum svæðum á Vesturlandi ef ekki hefði verið um vöxt í ferðaþjónustu að ræða á tímabilinu.
- Sértekjustofn er nauðsynlegur til að standa undir væntingum um uppbyggingu á innviðum ferðaþjónustunnar til að ganga ekki á samfélagsleg þolmörk íbúa og náttúrunnar.

**Lykilorð:** Ferðaþjónusta, íbúaþróun, byggðarþróun, stjórnsýsla sveitarfélaga, samfélagsleg áhrif.



# Formáli

Snemma á námsferli mínum við Háskólann á Hólum tók ég námskeið í byggðaþróun. Þetta námskeið var eitt af mörgum áhugaverðum námskeiðum á námsferlinum. Námskeiðs lýsingin fangaði mig í upphafi en þar kom fram að fjallað yrði um íslenska byggðaþróun og hún sett í samhengi við byggðaþróun í nágrannalöndum okkar. Atvinnulíf og félagsseinkenni í byggðum landsins skoðað. Íslensk byggðastefna rædd og einstaka þættir í byggðaáætlun metnir í ljósi árangurs og reynslu. Þetta námskeið vakti áhuga minn á byggðamálum enn frekar sem hefur svo vaxið jafnt og þétt síðan. Það var mér ljóst snemma á námsferlinum að hugurinn stæði til þess að lokaverkefnið yrði tengt efni þessa námskeiðs, byggðaþróun og ferðaþjónustu á einhvern hátt. Námið í ferðamálafræðinni á Hólum varpaði ljósi á tengsl allra samfélags þátta, félagslegra og efnahagslegra við ferðaþjónustuna, og hversu víðtæk áhrif greinarinnar eru um heim allan. Ég vil þakka kennurum við Háskólann á Hólum fyrir góðan innblástur á námstímanum. Það hefur verið einlægur ásetningur að vanda til verksins og að niðurstöður geti nýst sem innlegg í umræðuna um byggðaþróun og lagt grunn að frekari rannsóknum.







# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	xiii
Myndayfirlit .....	xiv
<b>1 Inngangur.....</b>	<b>17</b>
1.1 Væntingar til ferðaþjónustunnar.....	17
1.2 Atvinnulíf á Vesturlandi.....	17
1.2.1 Snæfellsnes.....	18
1.2.2 Dalabyggð.....	18
1.2.3 Borgarbyggð.....	18
1.2.4 Akranes.....	18
1.3 Þróun íbúafjölda á Vesturlandi eftir sveitarfélögum.....	19
1.4 Komur ferðamanna á Vesturland.....	20
<b>2 Ferðaþjónusta og byggðarþróun.....</b>	<b>22</b>
2.1 Breytingar á byggðamynstri.....	22
2.2 Ástæður og áhrif fólksfækkunar á lítil eða fámenn sveitarfélög.....	22
2.3 Viðbrögð og verkefni vegna fólksfækkunar.....	23
2.4 Samfélagsleg áhrif.....	24
<b>3 Rannsóknaraðferð.....</b>	<b>26</b>
3.1 Áskorun rannsakanda.....	26
3.2 Rýnihópur.....	27
<b>4 Niðurstöður.....</b>	<b>28</b>
<b>5 Umræður.....</b>	<b>35</b>
<b>6 Lokaorð.....</b>	<b>37</b>
Heimildaskrá.....	39

# Myndayfirlit

Mynd 1 - Íbúapróun eftir sveitarfélögum. ....	19
Mynd 2 - Heildarfjöldi íbúa á Vesturlandi. ....	20
Mynd 4 - Gistinætur á hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum.....	21
Mynd 5 - Fjöldi gesta á markaðsstofu Vesturlands. ....	21







# 1 Inngangur

Í þessari ritgerðar er fjallað um hvort ferðaþjónustan hafi áhrif á íbúáþróun á Vesturlandi. Ritgerðin ber titilinn Áhrif ferðaþjónustu á íbúáþróun á Vesturlandi og tekur á stöðu þeirrar íbúáþróunar sem hefur átt sér stað á Vesturlandi á tímabilinu 2010 – 2015. Auk þess er fjallað um aðkomu sveitarfélaga að þeim samfélagslegu málum sem tengjast uppbyggingu og væntingum íbúa og fyrirtækja til vaxtar í greininni. Ritgerðinni er ætlað að vera innlegg í umræðu um væntingar sveitarfélaga til ferðaþjónustunnar þegar kemur að byggðáþróun og fækkun íbúa á landsbyggðinni.

## 1.1 Væntingar til ferðaþjónustunnar

Með hraðri aukningu ferðamanna til landsins síðustu ár hafa íbúar og fyrirtæki um allt land greint ákveðin tækifæri í greininni sem fer vaxandi. Væntingar eru um að atvinnutækifærum og ársstörfum í tengslum við ferðaþjónustu fjölgi. Afleiddum störfum sem tengjast ferðaþjónustu á einn eða annan hátt munu fjölga og ferðaþjónustufyrirtæki sjá fram á aukna fjárfestingu til næstu ára sbr. rannsókn sem unnin var af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í desember 2015. Þar kemur m.a fram að bjartsýni fyrirtækja á Vesturlandi færist í aukana á milli ára þegar horft er til svara við spurningum sem lúta að væntingum þeirra til framtíðar. Þar voru fyrirtækjaeigendur á Vesturlandi spurðir um breytingar á starfsmannafjölda, fjárfestingar, framtíðartekjur og aðstæður í efnahagslífinu. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að helst fyrirtæki í byggingariðnaði og ferðaþjónustu vildu ráða fólk og ferðaþjónusta og fiskvinnsla höfðu mestan áhuga á fjárfestingum (Vífill Karlsson, 2016).

## 1.2 Atvinnulíf á Vesturlandi

Á Vesturlandi eru 10 sveitarfélög. Svæðið afmarkast af Hvalfjarðarsveit í suðri og Dalabyggð í norðri og Snæfellsbæ vestast. Sveitarfélögin 10 ná yfir 9.555km<sup>2</sup>. Þar af er Borgarbyggð landmest með hátt í 5000m<sup>2</sup>. Íbúafjöldi á öllu Vesturlandi var um 15.000 þúsund árið 2009. Þá hafði ákveðin fjölgun átt sér stað í fimm sveitarfélögum á Vesturlandi en fækkun á bilinu 6% í rúm 14%. (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012) Almennt er talað um að sunnanvert svæðið á Vesturlandi sé á áhrifasvæði höfuðborgarinnar en Snæfellsnes og Dalabyggð skilgreind á varnarsvæði „almenn fámenn og dreifbýli og eiga yfirleitt við erfiðar samgöngur og umtalsverða fólksfækkun að stríða“ (Þóroddur Bjarnason, 2010, bls. 10). En frá Vesturlandi í höfuðborgina er þó ekki mikið yfir 200 km aðra leið þaðan sem lengst er.

### **1.2.1 Snæfellsnes.**

Íbúum á Snæfellsnesi fækkaði frá árinu 2006-2010. Frá 2010 – 2012 fjölgaði þeim svo um 35. Árið 2013 fór íbúum aftur að fækka og í dag eru íbúar í Snæfellsbæ færri en þeir hafa nokkur tímamann verið eftir sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi 1994. (Hagstofa Íslands, 2016) Þróun á vinnslu afla í sjávarútvegi hefur haft þau áhrif í Snæfellsbæ að fjarað hefur undan landvinnslu. Yst á Snæfellsnesinu er meiri smábátaútgerð, stórir bátar í Grundarfirði. Stutt er á miðin frá Rífi og smábátar gjarnan staðsettir þar. Bættar samgöngur hafa haft jákvæð áhrif sjávarútveginn á Snæfellsnesi. Snæfellsnesið er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Vesturlandi. Með stofnun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls árið 1994 skapaðist ákveðið sóknarfæri í ferðaþjónustu á svæðinu sem heimamenn hafa nýtt sér. Mörg blómleg fyrirtæki starfa í dag í ferðaþjónustu á svæðinu sérstaklega í kringum jökulinn og í Stykkishólmi.

### **1.2.2 Dalabyggð**

Dalabyggð byggir helst á landbúnaði, þar hefur fólksfækkunin verið mest síðustu áratugi eða um 21% á tímabilinu 1994-2009. Í Dalabyggð hafa Eiríksstaðir í Haukadal verið vinsæll áfangastaður ferðamanna og Laugar í Sælingsdal. Heimamenn hafa nýtt sér tækifæri með aukinni komu ferðamanna og gistirýmum og veitingastöðum hefur fjölgað á svæðinu.

### **1.2.3 Borgarbyggð**

Í Borgarbyggð varð fólksfækkun eftir hrun. Byggingariðnaðurinn dróst snarplega saman í tenglum við hrúnið og nemendum við Háskólann á Bifröst og LBHÍ fækkaði. Íbúum fækkað um 202 á einu árin frá 2009 – 2010. (Hagstofa Íslands, 2016) Nú hefur mikill vöxtur hefur átt sér stað frá 2014 í ferðaþjónustu í Borgarbyggð, sérstaklega í uppsveitum þar sem nýtt hótél hefur risið í Húsafelli og opnaður hefur verið íshellir í Langjökli. Íbúum fór að fjölga aftur 2014. Árið 2015 var íbúatalan farin að nálgast þann fjölda aftur sem var á svæðinu í kringum 2010. Mikil fjárfesting virðist vera í ferðaþjónunni. Hótél Húsafell, Icelandair Hótél Hamar, Hótél Borgarnes hafa þegar hafið stækkun, auk þess sem gamli húsmæðraskólinn á Varmalandi hefur verði seldur til aðila sem hyggjast breyta því í hótél. Við Deildartunguhver, vatnsmesta hver Evrópu er einnig um þessar mundir verið að byggja veitinga -og baðstað. Áætlanir ferðaþjónustuaðila við Íshellinn í Langjökli um gestafjölda hafa farið langt fram úr væntingu allt árið um kring.


### **1.2.4 Akranes**

Á Akranesi fjölgaði íbúum eftir hrun frá árinu 2008 – 2010. Þeim fækkaði árið 2010 en fór svo að fjölga aftur og íbúatala á Akranesi hefur ekki verið eins há og hún var árið 2015. Íbúafjöldi í Hvalfjarðarsveit náði hámarki 2008 þegar fjöldinn fór í 686. Íbúafjöldi í Hvalfjarðarsveit hefur sveiflast á milli ára en íbúum fjölgaði frá 2013 – 2015. (Hagstofa Íslands, 2016) Sveitarfélögin njóta nálægðarinnar við stóriðjuna og Reykjavík hvað varðar atvinnutækifæri. Ferðaþjónustan á Akranesi tók bakslag með tilkomu Hvalfjarðarganga en þá hætti Akraborgin að ganga á milli Akranes og Reykjavíkur. Skagamenn hafa nú í samstarfi við Reykjarvíkurborg áformað að hefja siglingar flóabáts á milli með það m.a. að

markmiðið að tengja aðgengi frá miðbæ Reykjavíkur á Akranes og með þeim hætti freistast til að fjölga ferðamönnum á svæðinu. Safnasvæðið á Akranesi er vinsælt meðal ferðamanna, en ekkert hótél er á Akranesi aðeins örfá gistiheimili. Í Hvalfjarðarsveit er hótél og allnokkur uppbygging hefur þar átt sér stað í ferðaþjónustu á síðustu árum. Má þar nefna Hernámssetrið Hlöðum og ferðaþjónustuna Bjarteyjarsandi.

### 1.3 Þróun íbúafjölda á Vesturlandi eftir sveitarfélögum.


Íbúapróun eftir sveitarfélögum



Mynd 1 - Íbúapróun eftir sveitarfélögum.

Í myndinni kemur fram að frá árinu 2010 - 2015 hefur íbúum á Vesturlandi öllu fjölgað um 196 einstaklinga eða um 1%. Mesta fjölgunin er á Akranesi en þar eru 218 fleiri íbúar í dag en í upphafi tímabilsins. Ef sveitarfélögin á Vesturlandi eru skoðuð hver fyrir sig kemur í ljós að á tímabilinu hefur orðið fækkun á íbúum í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Dalabyggð. Íbúum fjölgaði um 11 í Hvalfjarðarsveit og um 15 í Stykkishólmi.

Hvalfjarðarsveit og Akranes eru þau tvö sveitarfélög sem staðsett eru á sunnanverðu Vesturlandi og hafa verið skilgreind inni á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Margir íbúar Akranes starfa við álverið á Grundartanga og líkur eru á að íbúafjölgun á Akranesi megi að einhverju leiti skýra af auknum umsvifum á því svæði og háu fasteignaverði í Reykjavík.




**Mynd 2 - Heildarfjöldi íbúa á Vesturlandi.**

## **1.4 Komur ferðamanna á Vesturland.**

Í myndinni hér að neðan má sjá þá þróun sem hefur átt sér stað í fjölda gistinguáttanna síðustu ár. Í töflunni eru upplýsingar frá Hagstofu Íslands yfir gistinguáttur erlendra ferðamanna á hótélum sem eru opin allt árið. Hagstofan tekur Vestfirði og Vesturland saman í sýnum gögnum. Taflan einkorðast því ekki aðeins við Vesturland. Þróun á fjölda gistinguáttanna er í samhengi við tölur um komur ferðamanna til landsins. Ferðamönnum er að fjölga á Vesturlandi. Frá 2010 – 2015 hefur gistinguáttum fjölgað frá tæpum 30.000 í ríflega 95.000 eða um 317% á tímabilinu. Upplýsingar frá smærri gistiheimilum og hótélum sem ekki eru opin allt árið eru hér ekki taldar með. Þrátt fyrir það sýna þessar tölur að umsvif í ferðaþjónustu á Vesturlandi hafa aukist mikið síðustu ár og því eðlilegt að bjartsýni færirist í aukana og vilji til frekari fjárfestinga og ráðningu starfsmanna komi fram í könnunum. (Vífill Karlsson, 2016).


### Gistinætur á hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum



**Mynd 3 - Gistinætur á hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum.**

Í myndinni hér að neðan má sjá þróun á þeim fjölda gesta sem leitað hafa til Upplýsingamiðstöðvar Vesturlands í Borgarbyggð. Gera má ráð fyrir að hluti þeirra gesta séu ferðamenna sem fara í gegnum Vesturland og noti þjónustu og afþreyingu á svæðinu.

### Fjöldi gesta á Markaðstofu Vesturlands



**Mynd 4 - Fjöldi gesta á markaðsstofu Vesturlands.**

## 2 Ferðaþjónusta og byggðarþróun

### 2.1 Breytingar á byggðamynstri.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á byggðarmynstri hér á landi á síðustu áratugum. Sú stefna hefur verið ráðandi til langs tíma í byggðamálum á Íslandi að viðhalda skuli og efla byggð alls staðar í landinu. Það virðist ekki vera einfalt mál að sporna við flutningi fólks og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðið eða í stærstu þéttbýliskjarnana. Fólksfækkun á landsbyggðinni hefur í raun ekki orðið gríðarlega mikil heldur er það þéttbýlissvæðing sem helst hefur einkennt mannfjöldaþróun á Íslandi á 20. öld.

Ýmsir þættir hafa haft áhrif á það hvernig sú þróun hefur orðið. Ástæður búferlaflutninga á Íslandi hjá einstaklingum og fyrirtækjum hafa verið skýrðar bæði útfrá aðferðum félagsvísindanna og hagfræðinnar. Kostir þéttbýlismyndunar hafa verið tíundaðir og ástæður fyrir flutningi einstaklinga frá landbyggðinni í þéttbýlið er m.a. sá fjölbreytileiki á þjónustu sem þéttbýlið hefur uppá að bjóða eins og fjölbreyttari störf, fleiri skólastofnanir og fleiri tækifæri til afþreyingar í menningu og listum t.a.m.

### 2.2 Ástæður og áhrif fólksfækkunar á lítil eða fámenn sveitarfélög.

Skoðum aðeins ástæður byggðaðróunar útfrá hagfræðinni. Skýring hagfræðingsins Alfred Marshall(1842-1924) á kostum þéttbýlismyndunnar fyrir atvinnulífið lýtur að lögmálum stærðarhagkvæmninnar. Því fleiri fyrirtæki sem eru á sama stað því meiri verður framleiðnin. Þyrping sambærilegra fyrirtækja leiðir til stofnunar annara fyrirtækja sem sjá þeim fyrir ýmis konar aðföngum og þjónustu. Þegar vel gengur hjá einu fyrirtæki getur það ráðið starfsfólk frá þeim sem ekki vegnar eins vel. Með þeim hætti verður framboð vinnuafls sveigjanlegra og launasveiflur minni. Starfsfólkið sjálft hefur auk þess hag af því að vinna hjá fyrirtæki sem staðsett er í þyrpingu fleiri samskonar fyrirtækja. Í því felst ákveðið atvinnuöryggi að geta leitað til annarra fyrirtækja í samskonar þjónustu. Þekking og starfsreynsla helst þá inni á svæðinu. (Tryggvi Þór Herbertsson & Grétar Þór Einarsson, 2003)

Byggðastofnun gaf út árið 1997 niðurstöður úr samantekt Stefáns Ólafssonar athuganir á orsökum búferlaflutninga sem birtist undir heitinu *Búseta á Íslandi*. Þar kemur fram að einstaklingar á aldrinum 15-34 ára séu líklegastir til að flytja búferlum. Sérstaklega hjá þeim sem starfa verslunar- og eða þjónustustörfum. (Stefán Ólafsson, 1997) Ástæður þess snúa e.t.v. að miklu leiti að því að ljóst er að tækifæri til menntunar, menningar- og félagslífs og atvinnutækifæri tengd menntun eru meiri í þéttbýli. Almennt lögmál er að vöxtur borga og bæja fer oftast saman við vöxt og hnignun einstakra atvinnugreina. Þetta höfum við séð hér á landi bæði í tengslum við breytingar í sjávarútveginum varðandi

flutning á kvóta og tækniframförum í sjávarútvegi og einnig nú á þessari öld í tengslum við hrunið og afleiðingar sem það hafði á atvinnu- og efnahagslífið. Í litlum byggðarkjörnum á landsbyggðinni þurfa breytingar hjá fyrirtækjum eða stofnunum ekki að vera viðamiklar til að geta haft hlutfallslega mikil áhrif á samfélagið í heild sinni og íbúáþróun. Miklar sveiflur á íbúafjölda hafa ekki bara áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber að sinna ákveðinni grunnþjónustu. Með tilfærslu ýmissa verkefna frá ríki yfir á sveitarfélög hafa útgjöld sveitarfélaga aukist jafnt og þétt síðustu ár m.a í tengslum við ný viðmið og reglugerðir og nýja kjarasamninga. Það er hlutverk pólitískt kjörinna fulltrúa hverju sinni að marka stefnu fræðslu- tómsundar-, menningar-, atvinnu-, markaðs- og skipulagsmálum svo eitthvað sé nefnt. Fjárfestingar og útgjöld sveitarfélaga taka oftast en ekki mið af þeim verkefnum sem blasa við á hverjum tíma. Fækkun íbúa getur haft keðjuverkandi áhrif og leitt til uppsagnar á starfsfólki. Dæmi um slíkt gæti verið að með fækkun leikskóla- og grunnskólabarna þarf að fækka starfsfólki þeirra stofnanna til að mynda. En hvað eru góð búsetuskilyrði og hver er ástæðan fyrir því að sumir velja fremur búsetu á landsbyggðinni en í höfuðborginni? Það er ekki einfalt mál að skilgreina hugtakið góð búsetuskilyrði. Hér hljóta að teljast allir þeir þættir sem gefa fólki færi á því að lifa innihaldsríku og hamingjusömu lífi. Undir það getur ýmislegt fallið eins og tekjumöguleikar, félagslegar aðstæður og umhverfisþættir. (Tryggvi Þór Herbertsson & Grétar Þór Einarsson, 2003)

## 2.3 Viðbrögð og verkefni vegna fólksfækkunar.

Hið opinbera hefur í gegnum tíðina ráðist í ýmis tímabundin verkefni og átök í tengslum við rannsóknarstofnanir og sveitarfélögin til að sporna við fækkun íbúa á landsbyggðinni til að byggja stoðkerfi byggðaþróunar. Byggðastofnun hefur með stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 haldið utanum verkefnið Brothættar byggðir. Markmiðið með því verkefni er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarkjörnum og sveitum landsins. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðarkjörnum og sveitir landsins sem oft á tíðum hafa ekki getað nýtt sér úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðarþróunar- og samfélagsuppbyggingar. (Byggðastofnun, 2016)

Þær stofnanir sem í dag sinna stoðkerfi atvinnulífsins eru, Byggðastofnun, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Orkustofnun. Auk þess eru átta sjálfstæð atvinnuþróunarfélög sem rekin eru um land allt, utan höfuðborgarsvæðisins. Á ábyrgð ráðuneytisins eru nokkrir sjóðir sem sinna atvinnu- og tækniþróun. Ráðuneytið gerir vaxtarsamning við atvinnuþróunarfélög og á aðild að ýmsum öðrum samningum. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samanstendur af fulltrúum úr öllum sveitarfélögum á Vesturlandi.

Sóknaráætlun sem SSV vinnur nú með er áætlun sem miðar að verkefnum á Vesturlandi frá 2015 – 2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem varið er af ríkinu til byggða- og menningarmála á Vesturlandi. Sóknaráætlun á m.a. að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfi landhlutans.

## 2.4 Samfélagsleg áhrif.

Með tilkomu bættra samgangna og vöxt í ferðþjónustunni verða ferðamenn sýnilegri á fleiri stöðum um landið en áður, allt árið um kring. Áhrif ferðþjónustu eru bæði félagsleg og efnahagsleg. Ferðþjónustan hefur jákvæð efnahagslega áhrif á þeim svæðum sem þjónusta hennar er notið. Afkoma fyrirtækja eykst og starfsöryggi þar sem ferðamenn versla og nýta þjónustu sem í boði er á hverjum stað batnar. Mikilvægt er að skilningur sé á öllum stigum innan stjórnsýslunnar og íbúa á þeim samfélagslegu áhrifum sem ferðþjónustan hefur á samfélög. Með þeim hætti eru minni líkur á því að hagsmunaaðrekstrar og gremja skapist og meiri líkur á því að jákvæð árangur náist í uppbyggingu, og nýsköpun í ferðþjónustu eigi sér stað. Velgengni ferðþjónustu í mörgum heimshlutum er að stórum hluta háð stuðningi frá nærsamfélaginu þar sem heimamenn eru á óformlegan hátt gestgjafar án þess að vera endilega meðvitaðir um það. Það er því einnig mikilvægt að áhrif greinarinnar fari ekki yfir þau mörk sem teljast viðunandi innan samfélagsins. (Deery, Jago, Fredline, 2011) Viðhorf heimamanna gagnvart ferðamönnum og greininni hefur áhrif á upplifun þeirra gesta sem sækja afþreyingu og þjónustu á hverju svæði fyrir sig. Félagssleg áhrif ferðþjónustunnar á íbúa geta verið jákvæð og neikvæð. Þegar talað er um ferðamenn í þessu samhengi þá getur það bæði átt við erlenda gesti, innlenda gestir og eigendur sumarbústaða og frístundahús í byggðarkjörnum. Vísbendingar eru um aukinn áhuga utanbæjarfólks á því að eignast frístundarhús í litlum byggðarkjörnum á landsbyggðinni. Fréttir hafa verið um að Stykkishólmur sé t.d. einn af þeim stöðum sem eftirsóknarvert er að eignast hús. Þetta hefur þau áhrif að íbúðarverð hækkar, en fasteignaverð í Stykkishólmi er með því hæsta sem gerist á landbyggðinni samkvæmt viðtali Viðskiptablaðsins við Dr. Vífil Karlsson 19. Apríl 2016. Eigendur frístundahúsa í byggðarkjörnum verja stórum hluta sumarsins í húsunum og nýta þá þjónustu sem í boði er á svæðinu. Þrátt fyrir að þessir „sumarfuglar“ eyði stórum hluta af árinu í frísundahúsinu eru þeir ekki beinir þátttakendur í samfélaginu. Þeirra þátttaka í félagsstarfi, samskiptum við íbúa varðandi sameiginlegar væntingar, markmið og vonir eru takmarkaðar. Hlutverk þessa hóps í að viðhalda samfélaginu er því takmarkaður þar sem þeir dvelja ekki allt árið á staðnum. (Edward H. Huijbens, 2010)

Þau jákvæður áhrif sem nefnd hafa verið þegar kemur að því að meta félagsleg áhrif ferðþjónustunnar eru fjölbreytilegt mannlíf, fjölbreyttari verslun, þjónusta og afþreyingarmöguleikar sem auka lífsgæði íbúa. Búsetuskilyrði á Vesturlandi ættu því að hafa aukist samkvæmt því sem fram kemur í íbúakönnun SSV sem gerð var árið 2004 þegar spurt var út í þætti sem hefðu áhrif á bætt búsetu skilyrði var nefnt vöruúrval, atvinnuúrval og tækifæri til afþreyingar. (Vífill Karlsson, 2014)

Lítið hefur verið rannsakað um fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af ferðþjónustu. Skiptar skoðanir hafa verið til langs tíma um í hvers hlutverki það er að byggja upp þá innviði sem nauðsynlegir eru til verndunar áfangastaða og vaxtar í greininni. Þá hefur skort skilgreiningu á því hvar ferðþjónustan byrjar og endar. Þau sjónarmið hafa komið fram að ferðþjónustan sé í raun flest öll þjónusta sem við teljum sjálfsagða í sveitarfélaginu, pósthúsið, bílaverkstæðið, apotekið og fleira. Með aukningu ferðamanna hér á landi hefur álag á heilsugæslu og löggæslu aukist. Meira álag er á vegakerfi landsins og almenningsstaði í eigu ríkis og/eða bæja eins og sundlaugar, söfn, almenningsalarni, náttúrperlur, sorp og gámostöðvar. Sjónarmið ólíkra hópa geta skarast á þegar kemur að



ráðstöfun skattpeninga. Dæmi um það gæti verið hvort skattpeningum almennings skuli varið í opnun vetrarvega fyrir ferðamenn í átt að vinsælum náttúruperlum meðan önnur þjónusta við íbúa er skert. Væntingar og vilji íbúa til þess að sjá enn frekari vöxt í ferðaþjónustunni á sínu svæði eru misjafnar og geta e.t.v. tengst því hvort um eigin hagsmuni sé að ræða, samsetningu íbúa og líftíma í sveitarfélaginu.

Hlutverk stjórnsýslunnar er að greina samfélagsleg og efnahagsleg áhrif og bregðast við eftir bestu getu samkvæmt því. Það getur því verið misjafnt ár frá ári á hvaða grunni ákvarðanir sem varða skipulags-, umhverfis- og skólamál eru teknar t.a.m., en síðast nefndi þátturinn er með stærstu útgjaldaliðum hvers sveitarfélags. Hér er oft um að ræða stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á fjármál sveitarfélaga til lengri tíma litið.

Mikill vöxtur hefur verið í greininni á skömmum tíma og fáar rannsóknir verið gerðar héraðs á raunverulegum áhrifum þeirrar aukningar sem hefur átt sér stað. Hlutverk hins opinbera og stjórnsýslunnar er krefjandi. Krafan um að innviðir svæða séu mótaðir til að taka á móti auknum fjölda gesta og e.t.v. fjölgun íbúa er eðlileg miðað við þann vöxt sem hefur átt sér stað. Þær ákvarðanir og breytingar sem gerðar eru hverju sinni endurspeglar oft á tíðum væntingar bæði fyrirtækja og íbúa á þáttum sem snúa að starfsumhverfi og mat á búsetukosti. Samningsstaða fyrirtækja gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki getur að sama skapi verið að einhverju leiti háð þeim þáttum. (Pierre, 2005)

### **3 Rannsóknaraðferð.**

Við greiningu á þeim áhrifum sem ferðaþjónustan hefur haft á íbúáþróun hef ég stuðst við gögn frá Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu og Markaðsstofu Vesturlands. Fyrsti hluti rannsóknarinnar markaðist að því að afla tölulegra gagna um komur ferðamanna til landsins á tímabilinu. Þær upplýsingar má nálgast á vef Ferðamálastofu. Hjá Hagstofu Íslands tók ég saman tölur um þróun íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig á árunum 2010 – 2015. Með þeim hætti gat ég greint þróun hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig á Vesturlandi og skoðað mismun á milli svæða. Hjá Hagstofu Íslands nálgadist ég rauntölur um gistinætur erlendra gesta á hótelum á Vestfjörðum og Vesturlandi sem eru starfsrækt allt árið. Með þeim hætti taldi ég líklegast á fá raunverulegar vísbendingar um þróun á fjölda gistinguátta. Hótel eru líklegri til að skila inn gistinguáttaskýrslum reglulega til Hagstofunnar en gistiheimil eða farfuglaheimili þar sem eftirfylgni er meiri á þeim stöðum. Hjá Markaðsstofu Vesturlands fékk ég yfirlit yfir talningu gesta í upplýsingamiðstöðina frá 2010 – 2015. Ég ályktaði að stór hluti þeirra gesta sem leita í upplýsingamiðstöðina séu frekar á eigin vegum en að ferðast í hóp á vegum ferðaskrifstofu. Með þeim hætti væri hægt að greina sérstaklega þann hóp sem ekki endilega gistir á hótelum eða yfir höfuð gistir á Vesturlandi heldur kemur við til að njóta afþreyingar, þjónustu eða náttúru. Þetta er einn þáttur í að meta þróun á umsvifum hjá ýmsum þjónustu fyrirtækjum og veitingastöðum sem ferðamenn nýta.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir tók ég þær saman og lagði fyrir þriggja manna rýnihóp. Markmiðið með rýnihópnum var að greina frekar upplýsingarnar um þróunina og fá þau til að túlka og álykta út frá fyrirfram ákveðnum spurningum sem ég lagði fyrir hópinn tengdar væntingum og samfélagslegum áhrifum. Rýnihópurinn var skipaður af einstaklingum með innsýn, reynslu og þekkingu í byggðarmál og stjórnsýsluna. Um frumrannsókn er að ræða og því mátti gera ráð fyrir að ný sjónarhorn eða túlkun kæmu fram við rannsókn málsins með rýnihópnum.

#### **3.1 Áskorun rannsakanda.**

Vandi getur fylgt frumrannsóknum af þessum toga.

Fyrst er að nefna hlutleysi rannsakandans. Sú ákvörðun að velja eitt viðfangsefni umfram annað gefur lesanda til kynna að rannsakandi vilji e.t.v. vekja máls eða varpa ljósi á viðfangsefnið. Því er sá möguleiki fyrir hendi að rannsakandinn beri upp spurningar og skýringar með þeim hætti að þær þjóni tilgangi sem viðmælanda er ekki ljóst. Ákveðin vandi getur líka fylgt því að vera með svo fámennan rýnihóp. Hætta getur verið á því að viðmælendur svari ekki frá eigin hjarta, heldur út frá því sem þeir telja viðeigandi í ljósi starfs síns eða stöðu. (Ray, 2009) Þetta hefur rannsakandi í huga við gerð spurninga og meðhöndlun svara.

## 3.2 Rýnihópur.

Til að greina frekar þær upplýsingar sem fyrir liggja um íbúáþróun á Vesturlandi frá árinu 2010 – 2015 og þá þætti sem snúa að samfélagslegum áhrifum, væntingum og horfum í ferðaþjónustunni sem atvinnugrein til að styrkja landsbyggðina til framtíðar setti ég saman rýnihóp. Leiðbeinandi minn lagði til að við samsetningu rýnihópsins skyldi ekki leitað til aðila úr ferðaþjónustunni. Frekar skildi leggja áherslu á að fá aðila sem hafa tengingu inn í sveitarfélögin og stjórnsýsluna. Mér fannst mikilvægt að í hópnum væru aðilar sem hefðu tekið þátt í rannsóknum eða öðrum verkefnum sem tengist byggðaðróun. Í rýnihópnum valdi ég eftirfarandi einstaklinga:

Kolfinnu Jóhannesdóttir fyrrverandi sveitarstjóri í Borgarbyggð. Kolfinna hefur víðtæka reynslu innan stjórnsýslunnar. Hún er viðskiptafræðingur, með meistarapróf í hagnýtum hagvísindum frá Háskólanum á Bifröst og með diplóma í kennslufræðum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún stundaði auk þess nám við London School of Economics and Political Science sumarið 2009. Hún starfaði sem sérfræðingur á Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst á árunum 2006-2008 og hefur unnið að ýmsum rannsóknum og verkefnum sem tengjast byggðaðróun. Hún var skólameistari í Menntaskóla í Borgarfjarðar 2011 – 2014 í Borgarbyggð.

Páll S. Brynjarsson framkvæmdarstjóri hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi frá 2014. Páll er með meistaragráðu í stjórn málafræði og lauk tveggja ára námi í stefnumótun og stjórnsýslu frá háskólanum í Volda í Noregi. Páll starfaði sem sveitarstjóri í Borgarbyggð frá 2002 – 2014.

Dr. Vífill Karlsson hagfræðingur. Starfsmaður við þróun og ráðgjöf hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Hann skrifaði doktorsritgerð 2012 um Samgöngubætur og búferlaflutningar, þar byggir hann á rannsókn á landfræðilegum áhrifum samgöngubóta á búferlaflutninga sveitarfélaga. Íbúáþróun á Íslandi og þróun samgöngukerfisins og helstu rannsóknir á búferlaflutningum á Íslandi. Vífill hefur komið að mörgum rannsóknum og könnunum sem tengjast byggðarþróun á einn eða annan hátt og haldið erindi víða í tengslum við rannsóknir sína.

Eftirfarandi gögn kynnti ég fyrir rýnihópnum sem hafði aðeins fengið þær upplýsingar fyrirfram að ég væri að vinna að ritgerð með titlinum *Áhrif ferðaþjónustu á Vesturlandi 2010 – 2015*.

Ég hafði tilbúna fjórar spurningar fyrir hópinn sem ég hafði undirbúið með stuttum punktum og kynningu.

Í upphafi fór ég yfir ástæðu þess hvernig verkið væri tilkomið. Að mín tilfinning hefði um nokkurt skeið verið sú að orðræða og væntingar til ferðaþjónustu væru að aukast, sérstaklega væntingar tengdar fjölgun íbúa og starfa á landsbyggðinni. Eftirfarandi væru þær væntingar sem ég greindi.

- Væntingar um að aukin vöxtur í ferðaþjónustu hafi jávæð áhrif á búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni.

- Væntingar um jákvæð efnahagslega áhrif.
- Væntingar um að afkoma fyrirtækja aukist og starfsöryggi á hverjum stað batni.
- Væntingar um aukin atvinnutækifæri.
- Væntingar um fleiri störf og fleiri íbúa.
- Væntingar um bæt看an búsetukost, fjölbreytilegt mannlíf, fjölbreyttari verslun og þjónustu og afþreyingarmöguleika.

Því næstu fór ég yfir tölulegar upplýsingar frá 2010 -2015 um komur ferðamanna til landsins, komur ferðamanna í Upplýsingamiðstöð Vesturlands, þróun á fjölda gistinguátta. Því næst fór ég yfir þróun á fjölda íbúa á Vesturlandi á tímabilinu og dró út eftirfarandi staðreyndir.

- Íbúum á Vesturlandi öllu hefur fjölgað um 196 einstaklinga eða um 1% á tímabilinu.
- Mesta fjölgunin er á Akranesi þar sem íbúum fjölgaði um 218 á tímabilinu.
- Fækkun er í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Dalabyggð á tímabilinu.

Í framhaldi lagði ég fram fyrstu spurninguna.

## 4 Niðurstöður.

**Hverjar eru hugsanlegar skýringar á þeirri íbúaþróun sem fram kemur á þessu tímabili fyrir Vesturland? Að fjölgun sé mest á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit en fækkun í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Dalabyggð?**

Við þessar spurningu kom eftirfarandi fram hjá viðmælendum mínum. Þeir voru sammála um að ástæðan fyrir fólksfjölgun á Akranesi væri nálægðin við höfuðborgina og þá þekktu togkraftar sem sú nálægð hefur. Rætt var um að rannsóknir hefðu sýnt fram á að það væri helst fasteignaverð sem þrýsti fólki úr höfuðborginni. Áhrif ferðaþjónustunnar væru nánast engin á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Fram kom hjá öllum í umræðum að ferðaþjónustuna væri e.t.v. ekki komin á þann stað að taka við öðrum atvinnugreinum þrátt fyrir að hún sé farin að vaxa allt árið um kring. Í dag fælust tækifærin í greininni í því að hún gæti spornað við flutningi úr byggðarkjörnum. Án þess að fjölgun eigi sér endilega stað þá hefði ferðaþjónustan þau áhrif að hún gæti tryggt þá búsetu sem fyrir er í byggðunum. Ferðaþjónustan styðji við þau fyrirtæki og þjónustu sem fyrir er á staðnum. Ákveðið undanhald sé í landbúnaði t.a.m. og bændur hafa séð tækifæri í að þróa ferðaþjónustu sem hluta af sínu starfi. Allir viðmælendur voru sammála um að miklar væntingar væru til greinarinnar í sumum sveitarfélögum, sérstaklega Borgarbyggð.

Viðmælendur voru allir sammála um að ekki værum við enn komin á þann stað að sjá mikið af nýju fólki setjast að vegna ferðaþjónustunnar og að erfitt væri að átta sig á þróuninni, hvort fólk ætti eftir að setjast hér að í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu. Í dag virðast starfsmenn ferðaþjónustunnar vera einskonar vertíðar fólk.

Einn viðmælandi sagði að „*Sveiflur hafa verið í íbúafjölda á Snæfellsnesi, þar fjölgaði en er nú farið að fækka aftur. Ferðaþjónustunin ætti að hafa áhrif í Borgarbyggð og á Snæfellsnesi*“.

**Ég spurði næst hvort þau teldu að við gætum eitthvað sagt til um trúna á atvinnugreinina eða samsetningu þeirra sem starfa innan ferðaþjónustunnar út frá þessum tölum?**

Viðmælendur mínir voru sammál um að í greininni starfi helst farandverkafólk, fólk sem er ekki með börn, eða að fólk sem er þegar með vinnu sé boðið að starfa í ferðaþjónustu með annarri vinnu eða skóla. Að ekki sé verið að búa til mikið af störfum fyrir nýja íbúa. Rætt var um að rannsókn sem Vífill Karlsson gerði þar sem fram kemur að börnum á Vesturlandi hafi fækkað um 42% og að ferðaþjónustan ætti líklega ekki eftir að breyta þeirri þróun mjög mikið. Eldra fólk sé að fjölga á Vesturlandi og ungt fólk líti ekki á ferðaþjónustuna sem framtíðarstarf. Einn viðmælandi sagði þegar rætt var um trúna á greinina:

*„En trúin er samt ekki það mikil að byggingarfyrirtæki fari í það að byggja íbúðarhúsnæði ódýrt til að leigja eða selja á þeim stöðum þar sem umsvifin eru mest fyrir utan stærstu þéttbýliskjarnana, við erum með þjóðgarð og jökla og ýmsar náttúruperlur. Þar vantar húsnæði fyrir varanlega búsetu. Þetta er e.t.v. ekki komið á þennan stað ennþá“*

Annar viðmælandi sagði:

*„Það er challenge að koma þessari atvinnugrein í þá stöðu að fyrir þá sem fara í hana og ætla að hasla sér völl þar, að þeir sjái þetta sem framtíðarstörf í einhvern tíma þó ekki sé nema 10 ár“*

Einn viðmælandi sagði frá því að talað væri um að laun í ferðaþjónustu væru há.

Viðmælendur mínir voru sammála um að það væri ekki reynslan á Vesturlandi. Starfsmenn í ferðaþjónustu á landsbyggðinni væru lægri í launum. Þar hefði það helst áhrif að á höfðaborgarsvæðinu væru helstu stóru fyrirtækin í ferðaskipulagningu. Störf á landsbyggðinni tengjast vinnu á gististöðum eða við þjónustu. Þarna virðist vera töluverð gjá á milli þegar horft væri á laun.

Einn viðmælandi sagði:

*„Ástæðan fyrir því að við sjáum þetta ekki í íbúatölunum hjá okkur er kannski hvernig störf þetta eru. Ferðaþjónustan er ekki að bjóða uppá störf við hæfi fyrir unga fólk sem hefur farið og menntað sig“*

Viðmælendur þekktu allir þá umræðu úr stjórnsýslunni og á vettvangi sveitarfélaga að sveitarfélög sjái almennt ekki þess merki í fjárhag sínum að ferðamönnum hafi fjölgað. Það

sé ekki að skila sér í auknum útsvarstekjum. Þá sé krafa á sveitarfélögum um aukna þjónustu þar sem ferðamönnum sé í raun að fjölga. Fólki sé frekar að fækka, ekki sé verið að byggja nýtt húsnæði og stöðugt fleiri eignir seljist til aðila sem vilja fjárfesta í frístundarhúsnæði eða fara í einhverskonar ferðaþjónustu.

Því næst kynnti ég nokkra punkta úr ritgerðinni til að opna á umræðu um samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar og tengdust næstu spurningu sem ég lagði upp með.

- Væntingar og vilji íbúa til þess að sjá enn frekari vöxt í ferðaþjónustunni á sínu svæði eru misjafnar og geta e.t.v. tengst því hvort um eigin hagsmuni sé að ræða, samsetningu íbúa og líftíma í sveitarfélaginu.
- Skiptar skoðanir eru um hlutverk hvers það er að byggja upp þá innviði sem nauðsynlegir eru til verndunar áfangastað og vaxtar í greininni.
- Skortur er á skilgreiningu á því hvar ferðaþjónustan byrjar og endar.
- Meira álag er á snertifleti ríkis og/eða bæjar eins og sundlaugum, söfnum, almenningssalernum, náttúrperlum, sorp og gámastöðvum.
- Deilt hefur verið um það hvort skattþeningum almennings skuli varið í opnun vetrarvega fyrir ferðamenn í átt að vinsælum náttúrperlum meðan önnur þjónusta við íbúa er skert.

Í framhaldi lagði ég fram eftirfarandi spurningu:

### **Hvað með aðkomu sveitarfélaga að samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar?**

Einn viðmælandi sagði í upphafi:

*„Sem íbúi er margt jákvætt við þessa þróun. Við finnum fyrir aukinni þjónustu. Ekki að hálfu hins opinbera heldur fleiri veitingastaðir og verslanir. Þetta styrkir þjónustu á svæðinu og maður finnur fyrir því sem íbúi“*

Viðmælendur mínir töldu allir mikilvægt að sveitarfélögin fengju inn nýja tekjustofna sem tengjast ferðaþjónustu. Erfitt væri að greina í gegnum útsvarið hverju ferðaþjónustan er að skila. Það væri mikilvægt að fá inn tekjustofna til að setta ólík sjónarmið skattgreiðenda gangvart greininni og þeirra þjónustu sem er krafist varðandi aukin opnunartíma safna og sundlauga og bætt aðgengi að náttúrperlum á veturna.

Einn viðmælandi sagði:

*„Ég skil viðbrögð íbúa vel sem vilja frekar að akstursleiðir skólabíls séu greiðfærar frekar en að opnað sé að Hraunfossunum. En ef þú getur sýnt fram á sérstakan tekjustofn þá verður þetta miklu einfaldara“*

*„Við erum t.d. að borga töluverða fjárhæð á ári vegna salernis við Hraunfossa. Og ef það eiga að vera salerni víðar þá safnast þetta upp. Þess vegna þarf sérstakan tekjustofn það er lykilatriði. Mér sýnist Samband sveitarfélaga vinna í þessu, en það er ekki í höfn“*

Viðmælendur mínir voru á því að nauðsynlegt væri að greina samfélagsleg þolmörk ferðaþjónustunnar, bæði frá íbúum og ferðamönnum ekki síður en þann þátt sem tengist þolmörkum náttúrunnar. Viðmælendur mínir töldu mikilvægt að hafa í huga hvert hlutverk sveitarfélagsins væri og hvert væri hlutverk ferðaþjónustunnar. Það sé ekki einfalt mál að greina tekjur sveitarfélagsins af þessu. Með gjaldtöku kerfi sem sveitarfélagið og nær samfélagið hefði aðgang að þá væri verið að tryggja að landeigendur hefðu hag af því að tína rusl og bæta aðgengi á sínum landareignum. Gremja gæti e.t.v. skapast hjá þeim sem nærri standa þegar ekki er hirt um eignarlönd.

Einn viðmælandi sagði:

*„Ég skil ekki af hverju menn eru ekki búnir að fara út í einhverskonar gjaldtöku. Þá þarf sennilega bæði að hafa náttúrupassa og sérgjaldtöku á þeim stöðum þar sem mesta álagið er. Ég skil ekki þessa endalausú púslargöngu um það að allt eigi að vera ókeypis“*

*„Ég skil ekki hvernig almenningur tekur þátt í þessu kór. Það er ekki þannig. Við erum alla daga að borga fyrir útsýni og fegurð, hvort sem það er á hótelið eða þegar við kaupum íbúð þá borgum við herra verð fyrir útsýni. Þannig á það líka að vera í ferðaþjónustu“*

Annar viðmælandi sagði:

*„Sveitarfélög þurfa alltaf að vera á þeim stað að láta ekki toga sig of langt og of hratt og eftir væntingum og kröfum um að menn eigi að taka yfir ný og ný verkefni án þess að standa á bremsunni. Það þarf að vera eitthver gjaldtaka eða samkomulag sem liggur fyrir. En við erum komin í þessa ferð. Við höfum verið að setja tugi miljóna í uppbyggingu ferðamannastaða á Vesturlandi á móti ríkinu. Við erum farin að styðja við opnun salernistaða og ýta á ríkið um bættar samgöngur“*

Viðmælendur mínir töluðu um að landfræðilega væri Vesturland þannig staðsett að stór hluti ferðamanna sem hér færi um nýtu útsýnisins og náttúrunnar en eyddi ekki peningum hér. Þetta fólk væri t.d. á leið á Norðurlandið þar sem það greiddi fyrir mat og gistingu. Það væru margar og flóknar áleitnar spurningar sem þyrfti að svara í tengslum við þróun á þessum málum. Það væri þó mikilvægt fyrir sveitarfélög að vera jákvæð gagnvart þessari uppbyggingu. Ferðaþjónustan er atvinnugrein og það þarf að hafa í huga að menn hafa stundum gagnrýnt aðkomu sveitarfélaga að atvinnugrein eins og landbúnaði, þar sé líka verið að tala um byggðarmál. Það sé lykilatrið að samtal fari fram á milli ríkis og sveitarfélaga og að umræða um gjaldtöku haldi áfram þar sem farið sé að reyna á þolmörk íbúa. Það sé heilmikið verkefni að kortleggja þetta.

Einn viðmælandi sagði:

*„Það rifjast upp fyrir mér í tengslum við þetta, umræða sem átti sér stað um árið 2000 um málefni Bifrastar. Þá var gerð úttekt á því hvað Bifröst þýddi fyrir sveitarsjóð. Þegar horft var á það var hann sennilega ekki að koma út í plús, því útgjöldin við þjónustuna voru*

*meiri en tekjur. En samfélagið í heild þá var ávinningurinn mjög mikill. Ég hugsa að þetta sé svipað í ferðapjónustunni. Allir þeir sem eru með einhver þjónustufyrirtæki njóta góðs en sveitarsjóður hann er kannski ekki að græða eins og staðan er í dag“*

Því næst lagði ég fram tvo punkta um væntingar fyrirtækja og íbúa og hlutverk sveitarfélaga sem formála að næstu spurningu.

- Hlutverk stjórnarsýslunnar er að greina samfélagsleg og efnahagsleg áhrif og bregðast við eftir bestu getu samkvæmt því.
- Mikill vöxtur hefur verið í greininni á skömmum tíma og fáar rannsóknir verið gerðar hérlandis á raunverulegum áhrifum þeirrar aukningar sem hefur átt sér stað. Hlutverk hins opinbera og stjórnarsýslunnar er því æri snúið. Krafan um að innviðir svæða séu mótaðir til að taka á móti auknum fjölda gesta og e.t.v. fjölgun íbúa eru eðlilegar miðað við þann vöxt sem við horfum uppá.

Þá var lokaspurning mín eftirfarandi:

**Á hvaða grunni er líklegast að þær ákvarðanir sem teknar eru séu teknar á grunni væntinga, pólitískra skoðana eða með ráðgefandi innsýn í framtíðarhorfður?**

Einn viðmælandi sagði:

*„Þetta er ekki pólitík, vissulega byggðarpólitík. Ráðgefandi innsýn?, ég hef ekki mikla trú að því að það sé mikið verið að horfa til þessa einmitt vegna þess að það er lítið til. Þessi atvinnugrein og þekking byggir á ofsalega veikum grunni. Tölur um þessa grein eru erfiðar. Hún byggir á ofsaleg veikum grunni. Menn eru bara að reyna að gera sitt besta á þeim grundvelli. Taka þá þekkingu sem er til og væntingar“*

Viðmælendur mínir voru sammála um að ákvarðanir væru fyrst og fremst teknar á grunni væntinga. Það væri þó þannig að ráðgefandi álit geti ýtt undir væntingar og dregið úr þeim. Af væntingum leiði mikill þrýstingur. Núna séu miklar væntingar meðal íbúa og ferðapjónustuaðila um vöxt þá verður til þrýstingu á sveitarfélagið um að leggja meira í ákveðna þætti sem því tengjast. Þá sé tilhneiging til þess þau málefni sem talað er mest um fái mestan meðbyr þrátt fyrir að önnur mikilvæg verkefni séu í gangi.

Annar viðmælandi sagði:

*„Dæmi um það þegar farið var af stað í Miðaldarböðin. Ráðgjafar voru að velja þetta verkefni sem eitt af fjórum áhugaverðustu verkefnum í ferðapjónustu. T.d. þegar koma að því hvort að Borgarbyggð ætti að leggja 500.000 kr í viðbót til að tryggja að landið héldist eitt ár í viðbót þá hafi það ráðgefandi álit klárlega áhrif“*

Viðmælendur mínir töldu að áherslumunur geti verið við ákvarðanir þegar kemur t.d. að landnotkun og fari þá eftir pólitískum flokkslínunum. VG hefur t.d. lagt áherslu á verndunarsjónarmið og svo á móti koma önnur pólitísk sjónarmið sem snúa að því að leyfa einstaklingnum að njóta sín og fara í þau verkefni sem hann telur arðbær fyrir sig og samfélagið. Verndunar og nýtingarsjónarmið, geti hvorutveggja verið innlegg í ferðapjónustuna. Sumir ferðamenn vilji skoða virkjanir og aðrir ósnortið land.



Viðmælendur minntust allir á að þeir sem eru í framboð tali stundum um ferðaþjónustuna í pólitískum tilgangi, tala fyrir því að vilja sjá tækifæri nýtt í ferðaþjónustu og þá sé verið að tala fólk inn í þessar væntingar með því að segjast hafa trú á þessari grein, standa vörð um hana og styðja. T.d. á fundum með stjórnmálaleiðtogum þá tala þeir greinina upp sem tækifæri í þróun samfélaga.

Einn viðmælandi sagði í þessu samhengi:

*„Þessi sjónarmið munum alltaf takast á. Ef þú setur þig í spor sveitarstjórnarmannsins þá viltu tala upp samfélagið og búa til, selja mönnum framtíðarsýn sem á að vera heillandi. Og þá ertu oft að ýta undir væntingar“*

Viðmælendur mínir voru sammála um að meira væri farið að bera á umræðu um stefnumótun og skipulag og minna um markaðsmál. Það væri sjaldgæft að benda á bakhliðar þessarar þróunar í pólitíkinni. Menn skynja það þó að við erum svo fá í stóru landi. Það er pláss fyrir marga ferðamenn, en bæði þjóðin og náttúran er mjög viðkvæm fyrir ágangi. Þess vegna þurfi að hugsa þetta. Þetta sé ekki orðið vandamál en fari kannski að verða það. Rifjað var upp að árið 2011 hafi ráðherra skrifað undir aðalskipulag og þar hafi ekki verið talað mikið um ferðamál. Þremur árum síðar kom svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes þar hafi ferðaþjónustan verið í ákveðnu lykil hlutverki. Þetta segi okkur að viðhorfið geti breyst á mjög fáum árum í takt við vöxt.

Einn viðmælandi sagði:

*„Það er ekki vinsælt að tala um neikvæðu hliðarnar og það er bara eðlilegt. Tala nú ekki um ef við erum í stjórnámálum. En það er hinsvegar ábyrgðarhluti að stíga varlega til jarðar bæði hvað varðar ágang og líka að ofgera ekki íbúum. Fólk er búið að tala sig upp í að það séu að skapast miklu fleiri heilsársstörf og það þurfi að byggja við skóla og fleira. En þetta er ekki barnafólk sem starfar helst í greininni. Þetta er mikilvæg innspýting inn í svæðið, en nauðsynlegt er að horfast í augu við raunveruleikann“*

Viðmælendur mínir töluðu um að mikilvægt væri að ákveðið raunsæi gætti í þessum málum hjá sveitarfélögum. Við þyrftum að læra af þeim hrunum sem við höfum séð þegar við byggjum undir væntingar hjá hvort öðru til líf skjara og afkomu. Það sé margt sem bendi til þess og meðal annars varnaðarorð Seðlabanka Íslands um að ákveðin bólu myndum sé í gangi í uppbyggingu á hótélum t.a.m. Tækifæri hafi þó beðið okkar á Vesturlandi um langt skeið þar sem við höfum séð ferðamenn beygja á Suðurland í stað Vesturlands. Það sé aðeins spurning um hvenær við verðum búin að fylla það. Ferðamenn horfi til Vesturlands vegna þess að hér er kyrrð og ró. En ekki massa túrismi. Ef við förum að auglýsa það erum við þá e.t.v. búin að eyðileggja það sem dregur fólk að? Það sé þó erfitt að takmarka þetta en við ættum að hafa tæki til að stýra aðgengi að ákveðnum stöðum.

Annar viðmælandi sagði:

*„Athyglisverð grein sem ég las um íbúa í Lofoten í Noregi. Þeir fengu til sín erlendan ráðgjafa þar sem ferðamönnum hafði fjölgað mikið, hann ráðlagði þeim að ferðamenn*

*mættu ekki fara yfir 10 sinnum íbúafjölda og við erum eiginlega að komast þangað. Samkvæmt þessu megum við ekki fara yfir það“*

Að lokum bauð ég viðmælendum mínum að bæta einhverju við þá umræðu sem við höfðum tekið varðandi þá þróun sem við sjáum á Vesturlandi.

### **Eitthvað sem þið viljið koma að að lokum?**

Einn viðmælandi sagði:

*„Þetta er svolítið svona eins og síldarævintýrið. Við klúðruðum því svolítið. Þurfum aðeins að átta okkur“*

Annar sagði:

*„Þetta eru fyrst og fremst einkaaðilar sem eru að byggja upp, hlutverk sveitarfélagsins og stjórnsýslunnar er að styðja við. Svo þurfum við bara að vera meira greinandi þegar að við hugum að uppbyggingu fyrir okkar samfélag. Fyrir nokkrum árum fóru gríðalega margir bændur á Suður- og Austurlandi út í ferðaþjónustu breyttu, hættu í landbúnaði og fóru að selja gistingu. Það kom á mjög stuttum tíma mjög mikið offramboð og margir fóru á hausinn. Sú tekjulind stóð ekki undir þeim framkvæmdunum sem menn réðust í. Það gerist þegar svona ofboðslega miklar væntingar verða og jákvæðni það er jákvætt fyrir þróun samfélagsins og íbúana, þá sem fara upp í bóluna og halda svo áfram, en höggið, bakslagið er líka neikvætt fyrir íbúa og samfélagið“*

Að lokum ræddu viðmælendur mínir um mikilvægi þessa að ríkið hefði forystu í þessum málum. Að okkur vanti forystu ráðuneytisins og löggjafans til að greinin geti dafnað á jákvæðan hátt fyrir sveitarfélög, íbúa og náttúruna. Tækifærin væru mikil sem fælust en við þyrftum tæki til að spila rétt úr þeim.

Einn viðmælandi sagði að lokum:

*„Ég er mjög óánægður með það hvernig ríkið hefur farið fram í þessu málum. Ástæðan fyrir því að það er mikið um fanga klemmur (prisonr dilemma) Það er ekki einstaka aðili sem getur valið besta kostinn þar sem menn eru ekki samstilltir. Dæmigerð fangaklemma er á smávörumarkaði það er opnunartími verslana. Það vita það allir að svona opnunartími bitnar á launum eða verðlagi. Flestir viðurkenna að það væri skynsamlegt að draga úr honum. Hinsvegar þýðir ekki fyrir einn verslunareiganda að byrja því, hann mun tapa. Það vantar ákveðan forystu t.a.m. löggjöf sem væri gildandi fyrir öll sveitarfélög. En það hefur engin forystu um þessi mál. Einstaka aðili mun alltaf tapa ef hann reynir að fara skynsama átt fyrir sig og samfélagið. Ég held að það séu mjög mörg dæmi um það í ferðaþjónustu“*

## 5 Umræður.

Í þessum kafla verður farið yfir svör rýnihópsins í þeirri röð sem framvinda spurninga og umræðna í kjölfarið varð. Í lok hverrar samantektar leitast ég við að greina umræður með hliðsjóna af kenningargrunni og því sem hefur verið skrifað um viðfangsefnið. Eins og áður hefur komið fram er um frumrannsókn að ræða og leitast var við að fá viðmælendur til að túlka og greina framlögð gögn byggða á þeirra bakgrunni, þekkingu og reynslu.

Samantekt á niðurstöðu rýnihópsins um spurningu 1.

Sem var svohljóðandi.

- Hverjar skýringarnar á þeirri íbúáþróun sem fram kemur á þessu tímabili fyrir Vesturland? Að fjölgun sé mest á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit en fækkun í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Dalabyggð?

Niðurstöður rýnihópsins samræmast því sem fram hefur komið um segulkraft þéttbýlisins. (Tryggvi Þór Herbertsson & Grétar Þór Einarsson, 2003) Það kemur fram í tölunum um að íbúafjölgun er mest á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit sem hafa verið flokkið inn á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Niðurstöður hópsins voru einnig þær að í ferðaþjónustunni væru tækifæri sem væru til þess fallinn að tryggja búsetu í byggðarkjörnum þó að fjölgun eigi sér ekki endilega stað. Hópurinn greindi það að ferðaþjónustan styður við þau fyrirtæki og þjónustu sem fyrir er á staðnum. Þessi skilgreining getur stutt á jákvæðan hátt við það sem fram kemur í skýrslu Bygðarstofnunar *Fólk og fyrirtæki* um að þekking og starfsreynsla haldist þá inni á svæði og í því felist ákveðið atvinnuöryggi. (Tryggvi Þór Herbertsson & Grétar Þór Einarsson, 2003) Niðurstaða hópsins var að ferðaþjónustan væri ekki komin á þann stað ennþá að stuðla að fjölgun íbúa á Vesturlandi.

Samantekt á niðurstöðu rýnihópsins við spurningu 2.

- Getum við greint útfra þessum tölulegu upplýsingum um trúna á atvinnugreininni eða samsetningu þeirra sem starfa innan ferðaþjónustunnar?

Hópurinn greindi það að flestir störfuðu aðeins tímabundið við störf tengd ferðaþjónustu á Vesturlandi. Það væri e.v.t. eðlilegt m.v. hver eðlis störfin væru. Á Vesturlandi tengjast störf í ferðaþjónustu helst þjónustu og þrifum. Algengt væri að ungu fólki í námi væri boðin vinna eða fólki sem þegar væri með vinnu boðin aukavinna. Þetta styður við þær rannsóknir sem SSV hefur gert þar sem fram kemur að börnum á Vesturlandi hefur fækkað um 42% og að samkvæmt könnun er menntunartig í ferðaþjónustu svipað og í fiskivinnslu. Menntunartigið er lágt í báðum greinum. Hópurinn greindi það að ekki væri mikið um fjölskyldufólk í greininni og að ferðaþjónustan byði ekki störf við hæfi fyrir ungt fólk sem hafi farið og menntaði sig. Viðmælendur mínir túlkuðu trúna á greinina á þann hátt að væntingar væru miklar, en staðfesta hefði ekki skapast. Það væri áskorun fyrir ferðaþjónustuna að komast á þann stað að fólk liti á störf innan hennar sem framtíðarstörf.

Samantekt á niðurstöðu rýnihópsins við spurningu 3.

- Hvað með aðkomu sveitarfélaga að samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar?

Hópurinn greindi að mikilvægt væri fyrir sveitarfélög að fá inn sértekjustofna til uppbyggingar í ferðaþjónustunni. Áhrif ferðaþjónustunnar mætti greina í samfélaginu á jákvæðan hátt . En ætlaður vöxtur í greininni komi ekki fram í auknum tekjum sveitarfélaga.

Með sértekjum væri hægt að réttlæta fjárveitingar til uppbyggingar og þjónustu tengt greininni. Það væri mikilvægt fyrir samfélagi að jákvæðni íbúa og samfélagsins væri til staðar gagnvart atvinnugreininni. Þetta samræmist því sem hefur verið skrifað varðandi velgengi í ferðaþjónustu í mörgum heimshlutum, en hún er háð stuðningi og velvild frá nærsamfélaginu. Og mikilvægi þess að greina þolmörk íbúa. Áhrif greinarinnar megi ekki fara yfir ákveðin mörk. (Margaret Deery, Leo Jago, Liz Fredline, 2011) Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að mikilvægt væri að greina hlutverk sveitarfélagsins , ferðaþjónustunnar og hins opinbera í aðkoma að uppbyggingu á innviðum ferðaþjónustunnar.

Samantekt á niðurstöðu rýnihópsins við spurningu 4.

- Á hvaða grunni er líklegast að þær ákvarðanir sem teknar eru séu teknar á grunni væntinga, pólitískra skoðana eða með ráðgefandi innsýn í framtíðarhorfður?

Niðurstöður hópsins voru að ákvarðanir stjórnsýslunnar væru helst teknar á grunni væntinga. Ráðgefandi álit ýttu þó oft undir væntingar og hefðu áhrif. Hópurinn greindi að almennt væri meiri vinna í gangi í tengslum við stefnumótun og skipulag og það mætti greina annað viðhorf til umfang greinarinnar á fáum árum. Lítið hafi verið rannsakað um greinina í dag, sú þekking sem ferðaþjónustan byggir á í dag sé á veikum grunni. Hópurinn greindi að stjórnáráðgjafar hefðu tilhneigingu til tala greinina upp og vekja væntingar í tengslum við þá framtíðarsýn sem þeir vilja selja sínum kjósendum. Hópurinn greindi jafnframt að í tengslum við þann vöxt sem hefur átt sér stað í greininni verði tilhneiging til þess að einblína á greinina og meiri þrýstingur verði á ákveðna þætti sem tengjast henni og önnur verkefni fái minni athygli.

Lokaniðurstöðu rýnihópsins voru að það væri mikilvægt fyrir sveitarfélög að vera raunsæ og greinandi þegar hugað væri að uppbyggingu samfélagsins. Mikilvægt væri að fá skýra forystu ráðuneytisins og löggjafans til að greinin geti dafnað á jákvæðan hátt fyrir sveitarfélög, íbúa og náttúruna.

## 6 Lokaorð.

Tilgangur þessarar ritgerðar var að kanna hvort ferðaþjónustan hefði áhrif á íbúáþróun á Vesturlandi og greina aðkomu sveitarfélaga að þeim þáttum sem tengjast uppbyggingu og væntingum um vöxt í greininni á tímabilinu 2010 – 2015. Fyrir liggur að mikill vöxtur hefur átt sér stað í ferðaþjónustu á Vesturlandi og tölur hagstofunnar um komur ferðamanna og gistinætur á hótelum hafa margfaldast á tímabilinu. Samkvæmt þeim tölum sem fyrir liggja um íbúáþróun á svæðinu þá er ljóst að íbúum hefur ekki fjölgað nema um 1% á Vesturlandi. Íbúum hefur á tímabilinu fækkað á þeim svæðum þar sem umsvif ferðaþjónustunnar eru mest. Íbúum fjölgaði helst þar sem áhrifa gætir frá höfuðborginni og öðrum atvinnugreinum en ferðaþjónustu. Ferðaþjónustna virðist því a.m.k. enn sem komið er ekki hafa þau áhrif að íbúum fjölgi. Greina má að ferðaþjónustan tryggi ákveðna búsetu á þeim stöðum þar sem umsvif hennar eru sem mest og sporni að einhverjum hluta til við frekari fólksfækkun. Mikilvægt er að líta til þeirra jákvæðu samfélagslegu þætta sem tengjast ferðaþjónustu eins og bætt þjónusta, fjölbreytilegt mannlíf, fjölbreyttari veitingastaðir og afþreyingarmöguleikar. Þessir þættir veita þungt í því að viðhalda og laða að íbúa í samfélag. Samfélag án félagslegrar þátttöku íbúa að uppbyggingu byggir á veikum grunni. Áhersla sveitarfélaga að því að hlúa að samfélagslegum þáttum sem auðga samfélagið og snúa að bættum búsetuskilyrðum ætti að veita þyngra en að einblína á fjölgun íbúa. Hluti af því gæti verið að móta ákveðnar reglugerðir sem snúa að að frístundarhúsum í þéttbýli. Innviðir og samfélag verðir byggt upp af íbúum, fyrir íbúa. Ferðaþjónustunni sé fléttað á jafnan hátt inn í samfélagið í sátt við íbúa og umhverfið. Sú gerð að samfélagi er meira aðlaðandi fyrir ferðamenn en samfélag sem er mótað í kringum eina atvinnugrein og einkennist af sérsniðinni þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Ljóst er að fjárhagur sveitarfélaga er ekki með þeim hætti að geta staðið undir þátttöku í því verkefni að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar ásamt því að viðhalda lögbundinni grunnþjónustu. Fyrir liggur að mörgum verkefnum þarf að sinna til að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar til að ganga ekki á þolmörk íbúa, samfélagsins og náttúrunnar. Því er brýnt er að ríki og sveitarfélög komist að samkomulagi sem fyrst um að með einhverjum hætti skapist sértekjustofnar fyrir hið síðarnefnda til að bregðast við þeim áhrifum, jákvæðum og neikvæðum sem aukin koma ferðamanna hefur á sveitarfélög.



# Heimildaskrá.

- Byggðastofnun. (2016). *Brothættar byggðir, verkefnalýsing*. Byggðastofnun.
- Deery, Margaret, J. L. (2011). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*.
- Edward H. Huijbens. (2010). *Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. (2016). Reykjavík. Sótt 3. Apríl 2016 frá [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_sveitarfe-log/MAN02005.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfe-log/MAN02005.px/)
- J. Pierre, G. P. (2005). *Governing complex societies: Trajectories and scenarios*. New York: Palgrave Macmillan.
- Ray, W. J. (2009). *Methods toward a science of behavior and experience*. Belmont, CA USA: Wadsworth Cengage Learning.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir, S. E. (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúáþróun í byggðarlögum með langvarnadi fólksfækkun*. Byggðastofnun.
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi, rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Byggðastofnun.
- Tryggvi Þór Herbertsson & Grétar Þór Einarsson. (2003). *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Hagfræðistofnun HÍ og Byggðarrannsóknarstofnun.
- Vífill Karlsson. (2016). Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV. *Glefsa*, 1.
- Vífill Karlsson, A. S. (2014). *Íbúakönnun á Vesturlandi: staða og mikilvægi búsetuskilyrða*. SSV.
- Þóroddur Bjarnason. (2010). *Mannfjöldi, samgöngur og búseturþróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.